

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Veiðifélag Skaftár í Vestur-Skaftafellssýslu.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Skaftár.

Heimili þess og varnarþing er á Kirkjubæjarklaustri.

#### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Skaftá og öðrum ám, er falla í Veiðiós og Skaftárós, en þæru eru:

Sléttaból, Hraunból, Þverá, Stuðlafoss, Foss I, Fagrifoss, Hamrafoss, Foss II, Foss III, Hörgslandskot, Hörgsland I, Hörgsland II, Múlakot, Hörgsdalur, Keldunúpur, Breiðabólstaður, Prestsbakkakot, Prestsbakki, Mörtunga I, Mörtunga II, Geirland, Mörk, Kirkjubær I, Kirkjubær II, Kirkjubæjarklaustur I, Kirkjubæjarklaustur II, Hunkubakkar, Heiði, Holt I, Holt II, Skál, Á, Skaftárdalur I, Skaftárdalur II, Skaftárdalur III, Búland, Ytri Dalbær, Hólmur, Nýibær, Hæðargarður, Ytri Tunga, Eystri Tunga, Ásgarður, Hátún, Efri Vík, Syðri Vík, Þykkvibær I, Þykkvibær II, Þykkvibær III, Seglbúðir, Eystra Hraun, Ytra Hraun, Fossar, Arnardrangur, Efri Steinsmýri I, Efri Steinsmýri II, Efri Steinsmýri III, Efri Steinsmýri IV, Syðri Steinsmýri I og II.

#### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgegnd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár, og hinir tveir eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

#### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

#### 6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir apríllök ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 19. marz 1965.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Jón L. Arnalds.*

## REGLUGERÐ

### um barnavernd í Ólafsvíkurbreppi.

## 1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Ólafsvíkurbrepps er bannað að selja eða afhenda börnum eða unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem það nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

## 2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum), hvers konar eftirlíkingum af tóbaksvörum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti héraðslæknis eða barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglíngum.

## 3. gr.

Barnaverndarnefnd eða starfsmaður hennar skal kynna sér kvikmyndasýningar, leiksýningar og aðrar opinberar sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur sýninguna skaðsamlega eða óholla sálfarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Er þá viðkomandi aðila skylt að geta þess í auglýsingu á sinn kostnað. Að öðru leyti ber þeim, sem að kvikmyndasýningum standa, að fara eftir úrskurði kvikmyndaeftirlitsmanna ríkisins um aðgang barna og unglínga að kvikmyndasýningum.

Börnum og unglíngum 14 ára og yngri er óheimill aðgangur að opinberum kvikmyndasýningum, leiksýningum og öðrum opinberum sýningum eftir kl. 20 á tíma-bílinu frá 1. okt. til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum eða forsjármönnum.